



Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 7/2016.
Dagsetning og tími: 29. september 2016, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 27. júní 2016.
2. Tilkynning Viðlagatryggingar Íslands dags. 18. febrúar 2016 – tilkynning um gagnagrunninn C5 bókhaldskerfi, ákvörðun um grisjun (málsnr. 1602020).
3. Tilkynning Matís dags. 23. maí 2014 – endurskoðun úrskurðar vegna gagnagrunnsins FoxPro (málsnr. 1405050).
4. Tilkynning Fjölbrautaskólans í Breiðholti dags. 21. ágúst 2014 – endurskoðun úrskurðar vegna gagnagrunnsins MicroVax (málsnr. 1408020).
5. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31. maí 2016 – samrit ökuskirteina, afrit og bráðabirgðaakstursheimild (málsnr. 1606002).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 27. júní 2016.

Fundargerð grisjunarráðs frá 27. júní 2016 samþykkt og undirrituð.

2. Tilkynning Viðlagatryggingar Íslands dags. 18. febrúar 2016 – tilkynning um gagnagrunninn C5 bókhaldskerfi, ákvörðun um grisjun (málsnr. 1602020).

Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir nánari upplýsingum um gögnin í kerfinu, s.s. hvort að í kerfinu séu upplýsingar úr aðalbók og önnur varðveisluverð gögn.

3. Tilkynning Matís dags. 23. maí 2014 – endurskoðun úrskurðar vegna gagnagrunnsins FoxPro (málsnr. 1405050).

Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir nánari upplýsingum um gögnin.



4. Tilkynning Fjölbrautaskólans í Breiðholti dags. 21. ágúst 2014 – endurskoðun úrskurðar vegna gagnagrunnsins MicroVax (málsnr. 1408020).

Ákveðið að fyrri úrskurður dags. 11. nóvember 2014 um varðveislu gagna í gagnagrunninum MicroVax standi og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti sé ekki heimilt að eyða gögnum úr kerfinu. Þá ákvöðun má endurskoða þegar allar upplýsingar hafa verið færðar úr gagnagrunninum MicroVax yfir í gagnagrunninn Innu.

5. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31. maí 2016 – samrit ökuskírteina, afrit og bráðabirgðaakstursheimild (málsnr. 1606002).

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að eyða umbeðnum samritum ökuskírteina, afritum og bráðabirgðaakstursheimildum með því skilyrði að varðveita öll skjöl frá árinu 2000 sem sýnishorn.

Fundi slitið kl. 13:25

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)